

Rangárþing ytra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. maí 2016
UST201604-119/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu.

Í lýsingu kemur fram að áætluð er frekari uppbygging að Lundi. Einnig kemur fram að áætlað er að byggja við núverandi hjúkrunarheimili og koma upp þjónustuíbúðum. Í lýsingu kemur fram að áætlað er að framkvæma hús er verði svipuð að útliti og ásýnd og fyrirliggjandi byggingar á lóðinni.

Umhverfisstofnun telur að í lýsingu sé gerð grein fyrir þeim þáttum og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefnarsson
Sérfræðingur